

Áhættumat vegna hugsanlegra dreyfingu erfðabreyttra lífvera frá tilraunadýraðstöðunni ArcticLAS

Tilraunadýrastofnar sem notaðir eru hafa frá upphafi verið ræktaðir af erlendum ræktunarstöðvum. Í ræktunareiningum er örveruflóru haldið mjög niðri og mikil stjórn haft á umhverfinu, t.d. 12h/12h stýrð dags og næturbirta, rakastig haft milli 40%-70%, hitastig 20-22°C ±2°C, dýrin fá sérframleitt fóður og erlendis er vatnið víða sótthreinsað.

Þá er ávallt mikil loftræsting með filtruðu lofti hjá dýrunum.

Á tilraunadýraðstöðinni hjá ArcticLAS eru engar sýkingartilraunir leyfðar og markvisst miðlað að því að minnka örveruflóru og óhreinindi sem gætu borist inn á aðstöðunina.

Það er því almennt viðurkennt að tilraunadýr hafa yfirhöfuð minni möguleika á að lifa af í náttúrunni heldur en villt dýr vegna þessa verndaða umhverfis sem þau hafa verið ræktuð við og lifa venjulega í. Þau hafa ekki reynslu í að afla sér matar, eru útsettari fyrir sýkingum sem hafa venjulega ekki áhrif á villt dýr og hafa ekki reynslu og skerta kunnáttu í að forðast hættur.

Dýrin eru flutt í sérhönnuðum flutningskössum. Dýr sem flutt eru frá Evrópu þurfa að standast lágmarkskröfur Evrópusambandsins (http://ec.europa.eu/food/animal/welfare/l241-22_13-7-04_en.pdf), oft eru einning strangari reglur í hverju og einu landi.

Dýrunum er pakkað í sérhannaða flutningskassa fyrir lítil tilraunanagdýr. Dæmi um slíka kassa má finna í eftirfarandi viðhengi: <http://www.taconic.com/wmspage.cfm?parm1=296>

Út frá hönnun flutningskassa og hvernig er gengið frá þeim eru mjög litlar líkur á að kassarnir opnast fyrir slysi eða við fall, árekstur eða slys.

Ef það hins vegar kemur upp er fylgt viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar dreifingar erfðabreyttra lífvera.

Einu óhöppin sem geta haft áhrif á umhverfið er ef dýr sleppa úr búrum sínum, og komist úr dýraskápum, músheldum herbergjum, dýraaðstöðunni og byggingunni og nái að fjölga sér þar með náttúrulegum stofnum. Þótt allt ofangreint verði að teljast ólíklegir atburðir eins og áður er komið fram og ólíklegt verði að teljast að erfðabreytingarnar lifi af nokkrar kynslóðir æxlana í umhverfinu, er mikilvægt að skoða hvernig þetta geti hugsanlega gerst og grípa þá til aðgerða þegar við á.

Dýr geta sloppið úr búrum sínum annað hvort þegar skipt er á þeim eða þegar unnið er með dýrin við tilraun.

Nánari lýsing á þessari vinnu er í yfirliti yfir verkferla.

Ef dýr sleppur er viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar dreifingu erfðabreyttra dýra fylgt.

Frá því tilraunadýraaðstaðan á Krókhálsi 5d var stett upp 2004 hefur ekkert dýr sloppið úr umsjá starfsmanns.

Dýr geta einnig sloppið ef skemmdarverk eru unnin á aðstöðunni þar sem brotist er inn í læsta aðstöðuna og dýrum hreinlega sleppt út úr búrum sínum. Í þessum tilfellum verður farið beint í lið 5 í viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra dreifingu erfðabreyttra dýra.

Tilkynna skal samstundis til Umhverfisstofnunar ef slík skemmdarverk verða unnin. Skemmdarverk er hægt að vinna á aðstöðunni gagngert í þeim tilgangi að sleppa tilraunadýrum út í umhverfi sitt. Dýraaðstaðan er læst alla daga og allan daginn þó að starfsmenn séu inni að stöfum og þarf að komast í gegnum amk. 3 læstar hurðir með aðgangsstýringu til að komast inn á tilraunadýraaðstöðunina. Einungis starfsmenn með aðgangskort komast inn, utan vinnutíma eða þegar enginn er á staðnum er aðstaðan vöktuð af securitas.

Ef rétt er gegnið frá búrunum eru þau þannig hönnuð að dýrin geta ekki sloppið að sjálfdáðum.

Engin bráðamengun getur orðið af erfðabreyttum músum og engin mengunaróhöpp.